

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 10. mars 2007
Tímasetning fundar: 11:00 – 12:30
Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Formaður	Mætt
Erna Gísladóttir (EG)	Gjaldkeri	Fjarverandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Meðstjórnandi	Mætt
Fríða Albertsdóttir (FA)	Meðstjórnandi	Fjarverandi

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Milliuppgjör Gíggunnar

Farið var yfir milliuppgjör en ákveðið var á síðasta aðalfundi að stefna að því að hafa reikningsár Gíggunnar í takt við starfsár kóranna, þ.e. frá 1. september til loka maí. Til þess að það verði að veruleika þarf að breyta lögum Gíggunnar. Stjórninni vannst ekki tími til þess að gera það fyrir aðalfundinn 10. mars var þess vegna ákveðið að næsta stjórn færi yfir það mál og kæmi með tillögur að lagabreytingum. Stjórnin fór yfir milliuppgjör frá 01.01.2006 til 01.09.2006 og var samþykkt að leggja það fyrir aðalfundinn. Í byrjun mars 2007 höfðu 16 (af 20) kórum sambandsins greitt félagsgjald.

2. Umsókn um aðild

ÁHB greindi frá því að Gíggunni hefði borist umsókn frá Kvennakórnum Heklunum í Mosfellsbæ um aðild að sambandinu. Stjórnandi kórsins er Björk Jónsdóttir og formaður er Erla Þorbjörnsdóttir. Farið var yfir umsóknina og hún samþykkt einróma. Ákveðið var að bjóða Heklurnar formlega velkomnar í Gígguna á næsta aðalfundi en ÁHB mun hafa samband við þær og biðja þær um að hafa smá kynningu á kórnum á aðalfundinum. HG mun sjá um að skrifa frétt um málið og setja allar nauðsynlegar upplýsingar um Heklurnar inn á vefsetrið. Málið er í vinnslu.

3. Kvennakóramót í Noregi 10. – 13. apríl 2008

Gíggunni hefur borist boð um að allir aðildarkórar hennar geta tekið þátt í kvennakóramóti sem haldið verður í Prándheimi í Noregi dagana 10. – 13. apríl 2008. Ákveðið var að ljósrita boðsbréfið (kynningarpésann) og senda hann á alla aðildarkóra Gíggunnar sem fyrst. Málið er í vinnslu. Nánari upplýsingar um kóramótið er að finna á vefsetrinu; <http://www.kor.no/>.

4. Skipulag fræðslu- og aðalfundar 10. mars

Ákveðið var að halda fræðslu- og aðalfund 10. mars 2007. Búið er að fá húsnæði fyrir fundina en allur undirbúningur fyrir þessa fundi fór fram á milli stjórnar í tölvupósti. Diddi fiðla og Margrét Bóasdóttir munu halda erindi um geisladiskaupptökur. Þau þiggja ekki laun fyrir sína fyrirlestra. Búið er að leigja Domus Vox fyrir fundina. Stjórnin fór yfir skipulag fundanna og skiptu fundarmenn með sér verkum.

Farið var yfir þær tilnefningar sem höfðu borist í stjórnarmenn (aðalmenn og varamenn) og tillaga var skráð að næstu stjórn Gígjunnar sem borin verður upp á aðalfundinum. Ákveðið var að leggja það til að árgjald Gígjunnar yrði óbreytt fyrir næsta tímabil eða kr. 200 á hverja konu. Ákveðið var að leggja einnig fram hugmynd af vinnureglu á aðalfundinum um að stjórnarmenn fengju greitt fyrir ferðakostnað vegna skilyrtra funda sambandsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.